



Ár 2013, mánudaginn 16. desember kom stjórn SSNV saman til fundar að Gauksmýri í Húnaþingi vestra, kl. 10:00.

Mætt til fundar: Ágúst Þór Bragason, Þóra Sverrisdóttir, Leó Örn Þorleifsson, Hanna Þrúður Þórðardóttir og Katrín María Andrésdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Bjarni Jónsson tók þátt í fundinum í gegn um síma.

Dagskrá:

1. SSNV atvinnuþróun.
2. Almenningsamgöngur.
3. Bréf og kynntar fundargerðir.
4. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Rætt um verkefni SSNV atvinnuþróunar. Framundan er gerð árlegrar þjónustukönnunar og uppgjör verkbókhalds fyrir árið 2013. Rætt um að bjóða þjónustufundi í upphafi nýs árs. Ákveðið að halda vinnufund stjórnar og starfsmanna atvinnuþróunar 13. janúar 2014.
2. Fyrir liggur vinnuskjal frá Ólafi Sveinssyni um mögulegt uppgjör á rekstrarhalla vegna almenningsamganga á árinu 2012. Framkvæmdastjóra falið að vinna að málinu í samræmi við áherslur sem fram koma í skjalinu og umræður á fundinum. Áhersla lögð á að standa vörð um þjónustuna.
3. Bréf og kynntar fundargerðir
 - a) Lagt fram bréf frá Markaðsskrifstofu Norðurlands, dagsett 10. desember 2013, undirritað af Arnheiði Jóhannsdóttir framkvæmdastjóra. Í bréfinu er óskað eftir endurnýjun á samstarfssamningi út árið 2014. Gildandi samningur rennur út 31. desember 2013. Nokkrar umræður urðu um fyrirkomulag samstarfsins og beina aðkomu ferðaþjónustuaðila að því. Ákveðið að taka erindið fyrir að nýju á fundi stjórnar þann 13. janúar nk.
 - b) Lögð fram til kynningar fundargerð frá 248. fundi stjórnar Eyþings sem haldinn var 13. nóvember 2013.
 - c) Lögð fram til kynningar fundargerð frá 249. fundi stjórnar Eyþings sem haldinn var 21. nóvember 2013.
 - d) Lögð fram til kynningar þinggerð frá 58. fjórðungþingi, Fjórðungssambands Vestfirðinga.
 - e) Lagðar fram til kynningar Samþykktir fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga sem samþykktar voru á 58. Fjórðungþingi Vestfirðinga sem haldið var 11. – 12. október 2013.
 - f) Lögð fram til kynningar fundargerð frá stjórnarfundum Fjórðungssambands Vestfirðinga sem haldinn var 22. nóvember 2013.
 - g) Lögð fram til kynningar fundargerð frá 474. fundi stjórnar Samtaka Sunnlenskra sveitarfélaga sem haldinn var 28. nóvember 2013.
 - h) Lögð fram til kynningar fundargerð frá 2. fundi stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi sem haldinn var 31. október 2013.

- i) Lögð fram til kynningar fundargerð frá fundi stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi sem haldinn var 11. nóvember 2013.
- j) Lögð fram til kynningar fundargerð frá fundi stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi sem haldinn var 22. nóvember 2013.
- k) Lagðar fram til kynningar bréf um ályktanir Sveitarstjórnarvettvangs EFTA um endurskoðun evrópskra reglna um úrgangsmál og tilskipunar um endurnýtingu opinberra upplýsinga, dagsett 5. desember 2013, undirritað af Önnu G. Björnsdóttur.

4. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir framvindu skjalaverkefnis.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 11:30.